

## Fundargerð. *Aðalfundur Norðurár bs. 2020*

Aðalfundur Norðurár bs., haldinn 13. október 2020 kl: 15:00. Fundurinn er haldinn rafrænn vegna Covid faraldursins.

Mættir fulltrúar eigenda voru: Sigfús Ingi Sigfússon fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð, Einar Kristján Jónsson fyrir Húnavatnshrepp, Halldór G. Ólafsson fyrir Sveitarfélagið Skagaströnd og Valdimar Ó. Hermansson fyrir Blönduós. Einnig sátu fundinn stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn Úlfarsson og Snorri Finnlaugsson. Einnig sátu fundinn eftir atvikum Alexandra Jóhannesdóttir, Ásthildur Sturludóttir, Margeir Friðriksson, Kristján Jónasson og Smári Guðfinnsson frá Eflu Verkfræðistofu.

### Dagskrá

1. Fundarsetning og kosning fundarstjóra og ritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur 2019.
4. Fjárhagsáætlun 2021.
5. Kosning stjórnar og endurskoðenda.
6. Ákvörðun um þóknun stjórnar.
7. Tillaga að samþykktum fyrir Norðurá bs
8. Kynning á brennsluofni fyrir dýrahæ
9. Önnur mál.

### 1. Fundarsetning og kosning fundarstjóra og ritara

Sigfús Ingi Sigfússon setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Samþykkt samhljóða að Sigfús Ingi Sigfússon yrði fundarstjóri og Einar E. Einarsson ritaði fundargerð.

### 2. Skýrsla stjórnar

Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður fór yfir starfsemi og helstu verkefni Norðurár bs., árið 2019. Kom meðal annars fram að í vinnslu er umsókn um nýtt starfsleyfi þar sem sótt er um heimild til aukinnar urðunar á sorpi frá 21 þúsund tonnum í 30 þúsund tonn. Í sömu umsókn er einnig sótt um leyfi til reksturs brennsluofns til að brenna dýrahæ. Búið er að vinna matsskýrslu (204 bls), og er hún nú í skoðun hjá Skipulagsstofnun. Gert er ráð fyrir að þessu ferli ljúki á fyrstu mánuðum næsta árs. Samhliða þessari vinnu var síðan endurnýjaður leigusamningur við landeigendur þar sem hið leigða land stækkar úr 30 ha í 43,2 ha. Stærstur hluti stækkunarinnar er til afsetningar á uppgrefti úr urðunarhólfum. Á árinu 2019 var tekið á móti rúmlega 26 þúsund tonnum af sorpi sem er aukning um tæp 5 þúsund tonn frá árinu á undan. Mest munar um mikla aukningu í kolasalla en einnig er aukning á grófum úrgangi eins og húsgögnum, timbri og dýnum. Magn dýrahæja dróst lítilega saman en magn sláturúrgangs jókst svipað. Almennt gekk daglegur rekstur á árinu

2019 vel. Að lokum sagði Magnús að fyrirséð væri að umtalsvert magn úrgangs þyrfti að urða á komandi árum þó að vonandi tækist að auka flokkun hjá bæði einstaklingum og fyrirtækjum verulega á sem myndi þá þýða minni úrgang til urðunar.

### 3. Ársreikningur 2019

Kristján Jónasson frá KPMG gerði grein fyrir ársreikningi ársins 2019.

Megin niðurstaða ársreikningsins sýndi að hagnaður var á rekstri félagsins á árinu 2019 að fjárhæð 76,6 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 798,9 millj. kr. í árslok. Eigið fé félagsins í árslok nam 440,1 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Laun og launatengd gjöld námu 41,7 millj. kr. á árinu 2019. Þar af námu laun og launatengd gjöld stjórnar 2,1 millj.kr. Á árinu störfuðu 3 til 4 starfsmenn hjá Norðurá í 4 ársverkum.

Eftir umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning 2019 var hvoru tveggja borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### 4. Fjárhagsáætlun 2021

Margeir Friðriksson lagði fram rekstraráætlun vegna ársins 2021, dagsett 21. september 2020. Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir gjaldskrárhækkun á árinu 2021 þó gert sé ráð fyrir að urðað magn verði 10% minna en árið 2019, en mest munar um áætlaðan samdrátt frá PCC á Bakka. Ekki er gert ráð fyrir fjárfestingum á árinu 2021 og að rekstarafgangur verði um 43 milljónir. Sigfús bar fjárhagsáætlunina upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

### 5. Kosning stjórnar og endurskoðanda

Sigfús Ingi Sigfússon lagði fram tillögu um að aðalmenn í stjórn yrðu Einar E. Einarsson, Sveinn Úlfarsson og Magnús B. Jónsson. Til vara væru í sömu röð, Ingibjörg Huld Þórðardóttir, Stefán Gísli Haraldsson og Zophonías Ari Lárusson. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Jafnframt bar Sigfús Ingi upp þá tillögu að Kristján Jónasson endurskoðandi frá KPMG verði endurskoðandi Norðurá bs. árið 2020. Samþykkt samhljóða.

Snorri Finnlaugsson er tilnefndur áfram sem áheyrnarfulltrúi fyrir Flokkun Eyjafjarðar.

### 6. Ákvörðun um þóknun stjórnar

Fundarstjóri flutti tillögu um að laun stjórnar fylgi sömu launaviðmiðum og hlutföllum og miðað er við hjá Sveitarfélaginu Skagafirði en þau viðmið taka mið af þingfarakaupi. Samþykkt samhljóða.

### 7. Tillaga að samþykktum fyrir Norðurá bs.

Magnús lagi fram tillögur að nýjum samþykktum fyrir Norðurá bs., en þær byggja á gildandi stofnsamningi frá 5. desember 2005 með breytingu frá 28. mars 2007. Stofnsamningurinn hefur ekki verið uppfærður síðan og því talið eðlilegast að kalla þetta héðan í frá samþykktir

fyrir Norðurá bs. Nýjar samþykktir taka mið af þeirri starfsemi sem er hjá Norðurá bs. í dag og þeim breytingum sem orðið hafa á verkefnum Norðurá og starfsumhverfi öllu frá því félagið var stofnað. Þessi drög að samþykktum hafa verið ræddar í stjórn og lesnar yfir af meðal annars Sesselju Árnadóttir lögfræðingi hjá KPMG. Magnús gerði ítarlega grein fyrir öllum liðum nýrra samþykka. Nýjar samþykktir bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

## 8. Kynning á brennsluofni fyrir dýrahæ

Smári Guðfinnsson frá Eflu fór yfir þá gassöfnun sem nú er í gangi á Metangasi í urðunarhólfinu sem búið er að loka í Stekkjarvík. Metan er 25 sinnum verri gróðurhúsalofttegund en koltvísýringur, en með brennslu á metangasinu losar staðurinn 9,1 sinnum minna af CO<sub>2</sub> ígildum en ef gasinu væri ekki brennt. Frá upphafi er samtals búið að brenna 540.000 m<sup>3</sup> rúmmetra af metangasi. Smári gerði síðan grein fyrir öðrum nýtingarmöguleikum á gasinu sem skoðaðir hafa verið á árinu en einn áhugaverðasti möguleikinn þar er nýting gassins til kyndingar á brennsluofni fyrir dýrahæ. Fór Smári yfir nokkrar lykilforsendur í uppbyggingu og rekstri á slíkum ofni með sérstaka áherslu á nýtingu gassins við brennsluna. Einnig fór hann yfir þann búnað sem þarf og lagði þar sérstaka áherslu á að mötun yrði sjálfvirk.

Að loknu erindi Smára voru umræður þar sem fundarmenn lýstu sig áhugasama um verkefnið sem en þá er í vinnslu. Megin niðurstaða umræðunnar var að stjórn Norðurá ætti að halda áfram að vinna að málinu og kynna sveitarfélögunum þá næst áætlan kostnað og hugmyndir um hvernig staðið yrði að verkefninu.

## 9. Önnur mál

Snorri þakkaði góðan fund og sagði fullan vilja hjá Flokkun Eyjafjarðar til að vinna áfram með Norðurá bs. að urðunarmálum. Halldór benti á að umgengni um urðunarstaðinn væri til fyrirmyndar og aðrir fundarmenn tóku undir það og þökkðu starfsfólki þá góðu ímynd sem staðurinn hefði á sér.

Magnús Jónsson sleit fundi og þakkaði starfsmönnum fundarins og fundarmönnum góðan fund í þessu rafræna umhverfi.

Fundi slitið kl. 17:00

---

Einar E Einarsson

---

Sigfús Ingi Sigfússon